

Ed.

371. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

- c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Fyrir „15“ í 30. gr. laganna komi: 25.

3. gr.

1. Fyrir „15“ í 31. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

4. gr.

1. Fyrir „15“ í 32. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

5. gr.

Fyrir „50“ í 33. gr. laganna komi: 75.

6. gr.

1. Fyrir „50“ á tveim stöðum í 34. gr. laganna komi: 75.
2. Fyrir „15“ í sömu gr. komi: 50.

7. gr.

Fyrir „600“ í 35. gr. laganna komi: 900.

8. gr.

1. Fyrir „600“ í 36. gr. laganna komi: 900.
2. Í stað orðanna „50 hestafla vél í 12 mánuði“ í b-lið sömu gr. komi: 75 hestafla vél í 18 mánuði.

9. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem um ræðir í 38. gr.

10. gr.

Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Sá, er öðlazzt hefur yfirvélstjóraskirteini samkv. 1. mgr. þessarar greinar, staflið a—e, getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með allt að 900 hestafla vél, ef hann auk skilyrða 1. mgr. hefur siglt sem 2. vélstjóri á skipi með meira en 250 hestafla vél í 24 mánuði, en 18 mánuði, hafi viðkomandi lokið hinu minna mótörvélstjóraprófi og siglt í 24 mánuði á skipi með yfir 50 hestafla vél.

11. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem um ræðir í 40. gr.

12. gr.

Upphaf 40. gr. laganna skal orða svo:

Sá einn getur öðlazzt aðstoðarvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 900, — o. s. frv.

13. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

14. gr.

Fyrir „600“ í upphafi 42. gr. laganna komi: 900.

15. gr.

- a. Fyrir „50“ í b- og c-liðum 48. gr. laganna komi: 75.
- b. Fyrir „42. gr.“ í e-lið sömu lagagr. komi: 38. eða 42. gr. — og fyrir „40. gr.“ komi: 36. og 40. gr.

16. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélaga eða sambanda þeirra.

17. gr.

Fyrir „þrjár vikur“ í 57. gr. laganna komi: sex vikur.

18. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Þeir menn skulu eiga rétt á að öðlast skirteini samkvæmt 36. gr., án frekara náms eða prófs, sem að öðru leyti fullnægja ákvæðum hennar og siglt hafa sem vélstjórar á mótorskipum með yfir 150 hestafla vél í 36 mánuði fyrir gildistöku laga nr. 51 frá 1946.

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenskum skipum. Skulu stéttarfélög mótörvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað álit til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. jan. 1950. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66 frá 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og gefa þau út svo breytt.